



Reykjavík, 26. febrúar 2025
VEL24080037

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Styrkjahópur velferðarráðs

Efni tillögu: *Styrkveitingar velferðarráðs úr borgarsjóði 2025*

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu styrkjahóps velferðarráðs um styrkveitingar úr borgarsjóði fyrir árið 2025.

Greinargerð:

Meðfylgjandi eru tillögur styrkjahóps velferðarráðs um styrkveitingar velferðarráðs fyrir árið 2025 en í hópnum áttu sæti Heiða Björg Hilmisdóttir formaður velferðarráðs, Sandra Hlíf Ocares, fulltrúi í velferðarráði og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs. Starfsmaður hópsins var Randver Kári Randversson, sérfræðingur á velferðarsviði. Alls bárust 62 umsóknir um styrki að upphæð 439.393.710 kr. Heildarfjárheimild á árinu 2025 vegna styrkja úr borgarsjóði nam 170.901.750 kr. en þar af er kostnaður við gildandi þjónustusamninga til þriggja ára 84.926.520 kr. Til ráðstöfunar var því 85.975.230 kr.

Í tillögunni er gert ráð fyrir almennum styrkjum að upphæð samtals 4.130.000 kr., þjónustusamningum til eins árs að upphæð samtals 21.500.000 kr. og þjónustusamningum til þriggja ára að upphæð samtals 22.000.000 kr. eða samtals 47.630.000 kr.

Fylgiskjal:

Tillögur um styrkveitingar velferðarráðs úr borgarsjóði 2025.



Reykjavík